

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf.

Við vorum ráðin af Ölgerðinni til að veita álit með takmarkaðri vissu á sjálfbærnimælikvarða sem settir eru fram í Sjálfbærniuppgjöri Ölgerðarinnar fyrir árið 2023, sem er byggt er á UFS leiðbeiningum Nasdaq ("skýrslan").

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- Sjálfbærnimælikvarða sem settir eru fram í skýrslu með vísun í UFS leiðbeiningar Nasdaq (ESG Reporting Guide 2.0)

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Ölgerðarinnar eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óháði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óháði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óháðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á sjálfbærnimælikvarða setta fram í skýrslunni. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að skýrslan sé án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning gagna, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að útbúa gögnin. Við tókum viðtöl við lykilaðila innan Ölgerðarinnar, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferð við að tryggja að UFS mælikvarðar og upplýsingar séu settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Við höfum lagt mat á ferla, töl, kerfi og eftirlitsþætti sem stuðst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Ölgerðinni. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til annars en að sjálfbærnimælikvarðar í Sjálfbærniuppgjöri Ölgerðarinnar fyrir árið 2023 sé að öllu verulegu leyti í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq.

Kópavogi, 18. apríl 2024

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir

Birna María Sigurðardóttir
Endurskoðandi